

REGLUR

fyrir samvinnunefnd um svæðisskipulag Bláskógabyggðar, Grímsnes- og Grafningshreppa.

1. gr.

Samvinnunefnd um svæðisskipulag Bláskógabyggðar, Grímsnes- og Grafningshreppa er skipuð 2 fulltrúum frá Bláskógabyggð, 2 fulltrúum frá Grímsnes- og Grafningshreppi, 1 fulltrúa frá Þingvallanefnd og 1 fulltrúa frá Skipulagsstofnun. Fulltrúar Þingvallanefndar og Skipulagsstofnunar hafa full réttindi annarra nefndarmanna fyrir utan atkvæðisrétt.

2. gr.

Hlutverk samvinnunefndar er að endurskoða gildandi svæðisskipulag fyrir umrædd sveitarfélög og leggja fram tillögu þar um, sbr. 12., 13. og 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

3. gr.

Fundur er lögmætur ef formaður og helmingur annarra nefndarmanna er viðstaddur. Afl atkvæða ræður úrslitum. Þó getur nefndin ekki ályktað um mál sem varða sérstaklega hagsmuni eins sveitarfélags að fulltrúum þess fjarstöddum.

Senda skal fundargerðir til nefndarmanna og oddvita sveitarfélaganna.

4. gr.

Um kynningu, auglýsingu, samþykkt og staðfestingu svæðisskipulagsins fer skv. 13. gr. skipulags- og byggingarlaga.

5. gr.

Samvinnunefndin skal ljúka störfum eigi síðar en 1. desember árið 2002. Að rökstuddri beiðni nefndarinnar getur umhverfisráðherra framlengt starfstíma hennar.

6. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 12. gr. skipulags- og byggingarlaga, öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfisráðuneytinu, 27. júní 2002.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.